

Nd.

397. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1925.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. þetta nákvæmlega saman við landsreikninginn og hefir ekkert við það athuga, annað en það, að í 5. gjaldalið B. er prentvilla í fjárveitingadálki, »205600.60« í stað 205600.00, og virðist mega leiðrjetta þá villu í prentun, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt að öðru leyti.

Út af athugasemdum yfirskoðunarmanna og tillögum þykir nefndinni rjett að taka það fram, að hún er þeim yfirleitt samþykkt, þó að nefndarmenn leggi þar nokkuð misjafna áherslu á. Verður nánar að þessu víkið í framsögu.

Alþingi, 20. apríl 1927.

Kl. Jónsson,
form.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Jakob Möller,
frsm.

Björn Líndal. Magnús Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson. Halldór Stefánsson.